

AFKOMUTRYGGINGARSKILMÁLAR

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gilda ákvæði sem skráð eru í vátryggingarskírteini og eftirfarandi vátryggingarskilmálar. Um trygginguna gilda einnig lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum. Vátryggingarumsókn og önnur gögn varðandi töku tryggingarinnar eða endurnýjun eru ennfremur óaðskiljanlegur hluti vátryggingarsamningsins.

2. gr. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum merkir **félagið** vátryggjandann, OKKAR líftryggingar hf. **Vátryggingartaki** merkir þann sem gert hefur samning við félagið um vátrygginguna og ábyrgist jafnframt iðgjaldagreiðslur. **Vátryggður** merkir þann sem rétt á til bóta ef til þeirra kemur. **Vátryggingarathurður** merkir það atvik þegar vátryggður hefur orðið fyrir það mikilli starfsorkuskerðingu af völdum slyss eða sjúkdóms að hann á rétt til bóta úr vátryggingunni. **Biðtími** er tiltekið umsamið tímabil sem skal líða frá því vátryggingarathurður varð og þar til bótagreiðslur hefjast.

3. gr. Upplýsingaskylda

Vátryggingartaka og vátryggðum er skylt að veita félaginu réttar upplýsingar sem nauðsynlegar eru við ákvörðun um töku tryggingarinnar. Skylt er að svara ítarlega og á greinagóðan hátt öllum spurningum í vátryggingarumsókn og öðrum spurningum um sem félaginu er nauðsynlegt að leita svara við í tengslum við vátrygginguna.

Verði breytingar gerðar á vátryggingunni áskilur félagið sér rétt til að krefjast nýrra gagna, þar á meðal nýrra upplýsinga um heilsufar vátryggðs.

Hafi vátryggður í upphafi aðrar slysa- og/eða sjúkratryggingar skal hann upplýsa félagið um þær. Á sama hátt skal í upphafi veita upplýsingar um lífeyrissjóði og sjúkrasjóði verkalýðsfélaga og önnur bótakerfi, sem kunna að veita vátryggðum rétt til bóta í veikinda- og slysaforföllum.

Jafnframt skal tilkynna félaginu um slíkar tryggingar ef til þeirra er stofnað síðar.

Ella skulu bætur úr þeim vátryggingum eða sjóðum dragast frá bótagreiðslum úr þessari vátryggingu. Ennfremur skal vátryggður tilkynna félaginu breytingar á launum og launakjörum, sem áhrif hafa á rétt hans til launa í veikinda- og slysaforföllum.

4. gr. Rangar upplýsingar - Svik

Ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar

eru veittar félaginu sem máli skipta getur það haft áhrif á bótarétt vátryggðs eða annarra þannig að bætur úr vátryggingunni verði lækkaðar eða felldar niður, sbr. ákvæði 4. til 10. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Einu gildir hver veitt hefur hinar röngu eða ófullnægjandi upplýsingar. Sömu reglur gilda við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna, hækkanir og aðrar breytingar á vátryggingunni.

5. gr. Gildistaka

Sé ekki samið sérstaklega um gildistöku vátryggingarinnar tekur hún gildi þegar félagið hefur samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn með öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum.

6. gr. Endurkaup og lán

Vátrygging þessi hefur ekki endurkaupsverð og veitir ekki lántökurétt hjá félaginu.

7. gr. Bann við framsali

Oheimilt er að framselja eða veðsetja vátryggingarskírteinið eða kröfur samkvæmt vátryggingu þessari án samþykkis félagsins. Oheimilt er að leggja lögghald á þessi verðmæti eða gera fjárnám í þeim.

8. gr. Þagnarskylda

Starfsfólk félagsins er bundið þagnarskyldu um vátrygginguna og allar þær persónuupplýsingar sem félagið hefur aflað í tengslum við hana.

II. IÐGJALDIÐ

9. gr. Iðgjaldsgreiðslur

Fyrsta iðgjald fellur á gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á þeim dögum sem tilgreind eru í vátryggingarskírteini.

Iðgjöld sem greiðast innan 15 daga frá gjalddaga teljast greidd á gjalddaga.

Ef iðgjald greiðist oftar en einu sinni á ári hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og vátryggingarfjárhæðin.

10. gr. Áhrif greiðslufalls

Sé iðgjald eigi greitt á gjalddaga skv. 9. gr. fer um rétt félagsins til uppsagnar, lok ábyrgðar félagsins og niðurfellingu vátryggingarsamnings eftir ákvæðum 13. til 17. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

11. gr. Iðgjaldslækkun vegna starfsorkuskerðingar

Greiði félagið lífeyri umfram 13 vikur á tryggingarári lækkar iðgjald næsta tryggingarárs á eftir í hlutfallinu milli dagafjölda sem lífeyrir var greiddur fyrir

og dagafjölda á árinu. Hlutfallslegar bætur skal meta hlutfallslega við ákvörðun iðgjaldalækkunar.

12. gr. Breyting á iðgjaldagrundvelli

Breytist almennar forsendur iðgjaldagrundvallar vátryggingarinnar verulega, svo sem á dánarlíkum, örorkulíkum eða forsendum um ávöxtun fjár, áskilur félagið sér rétt til breytingar á iðgjaldagrundvellingum. Slík breyting getur haft í för með sér breytingu á iðgjöldum og bótafjárhæðum.

III. VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐIN

13. gr. Viðmiðun vátryggingarfjárhæðar og biðtíma

Við töku vátryggingarinnar eða endurnýjun skal við ákvörðun vátryggingarfjárhæðar og biðtíma gæta þess að bætur að meðtöldum greiðslum frá launagreiðanda, dagpeningum frá almannatryggingum og örorkulífeyri úr öðrum tryggingum, þar með talið lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarféлага o.þ.h., nemi 70% þess launataps sem vænta má að algjör starfsorkumissir muni valda vátryggðum.

Vátryggingarfjárhæð sem þannig er fundin telst vera hámarksbótafjárhæð hvers mánaðar.

14. gr. Breytingar á vátryggingarfjárhæð

Hafi ekki verið um annað samið breytast vátryggingarfjárhæðir, sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, fyrsta dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysluverðs næsta mánaðar á undan miðað við þá grunnvísitölu sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

IV. NÁNAR UM VÁTRYGGINGUNA

15. gr. Vátryggingarsvið

Félagið greiðir bætur við starfsorkuskerðingu vátryggðs af völdum sjúkdóms eða slyss eins og nánar greinin í skilmálum þessum.

16. gr. Áhættubreyting

Iðgjald fyrir vátryggingu þessa ákvarðast m.a. á upplýsingum í vátryggingarumsókn um atvinnu vátryggðs og önnur störf sem hann hefur með höndum. Verði breyting á atvinnuhögum vátryggðs frá því sem áður hafði verið tilkynnt skal tafarlaust greina félaginu frá slíkri breytingu. Sama gildir hefji vátryggður þátttöku í íþróttum eða hefji að iðka með reglubundnum hætti tómstundastörf sem hafa verulega áhættu í för með sér fyrir heilsu hans.

Hefði félagið tekið á sig váttrygginguna þrátt fyrir breytingu á áhættu en með öðrum kjörum reiknast nýtt iðgjald fyrir hana frá og með næsta gjalddaga. Hefði félagið hins vegar ekki tekið á sig váttrygginguna fellur hún niður frá þeim degi er áhættubreytingin varð og endurgreiðist þá iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

Vanræki váttryggður að tilkynna breytingar á áhættu getur ábyrgð félagsins fallið niður eins og fyrir er mælt í 121. gr. laga nr. 20/1954.

Hætti váttryggður launuðu starfi skal það tilkynnt félaginu tafarlaust. Félagið áskilur sér þá rétt til að segja váttryggingunni upp án fyrirvara. Endurgreiðir þá félagið iðgjaldið fyrir þann hluta váttryggingartímabilsins sem eftir er.

17. gr. Takmörkun á bótaskyldu

Félagið er laust úr ábyrgð ef starfsorka váttryggðs skerðist af völdum

- stýrjaldar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppþota, uppreisnar, borgararósta, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
- hvers kyns tjóns af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
- ryskinga, handalög mála eða þátttöku í refsiverðum verknaði,
- ásætnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs,
- neyslu áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna,
- neyslu lyfja nema þeirra hafi verið neytt samkvæmt fyrirmælum læknis, eða
- slyss eða sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um það við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.

Váttryggingin nær heldur ekki til starfsorkumissis sem hlýst af þátttöku váttryggðs í

- hvers konar íþróttakeppni eða æfingu fyrir íþróttakeppni,
- hvers konar glímu, hnefaleikum eða akstursíþróttum,
- siglingum á seglbátum, hraðbátum eða brimbrettum,
- froskköfun, fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki eða teygjustökki,
- svifflugi, drekaflugi eða flugi í físi, eða
- hvers konar öðru flugi nema váttryggður sé í farþegaflugi á vegum flugrekstraráðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafyrivalda.

18. gr. Gildissvæði

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Dveljist váttryggður utan Íslands óslitið lengur en 13 vikur skal það tilkynnt félaginu. Áskilur félagið sér þá rétt til breytinga á skilmálum meðan váttryggður dvelst erlendis.

19. gr. Ágóðahlutdeild

Váttryggingin veitir rétt til ágóðahluta (bónus). Um útreikning og skiptingu ágóðahluta fer samkvæmt reglum félagsins.

V. GREIDSLA BÓTA

20. gr. Tilkynning um tjón - Biðtími og upphaf bótagreiðslna

Tilkynna skal félaginu svo fljótt sem auðið er um bótaskylda starfsorkuskerðingu skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Þegar bótaskylda samkvæmt 21. og 22. gr. hefur verið staðfest hefjast bóta-greiðslur að loknum umsömdum biðtíma, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.

21. gr. Starfsorkuskerðing sem leiðir til bótaskyldu

Váttryggður á rétt til bóta ef færni hans til að afla tekna skerðist af völdum sjúkdóms eða slyss eins og nánar greinir í skilmálum þessum. Vinnufærni hans telst skert ef hann er ófær til að afla tekna og vinna þau störf sem eðlilegt og sanngjarnt er að krefjast af honum miðað við aldur hans, menntun, verkunnáttu og starfsreynslu.

Við mat á skerðingu vinnufærni hverju sinni skal m.a. taka mið af möguleikum váttryggðs að hefja á ný sama starf og áður eða annað starf að fenginni þjálfun til slíks starfs.

Félagið greiðir váttryggðum mánaðarlegan lífeyri að loknum biðtíma hafi hann orðið fyrir starfsorkumissi af völdum bótaskylds váttryggingaratburðar.

22. gr. Greiðsla bóta

Skerðist vinnufærni váttryggðs um a.m.k. helming greiðist mánaðarlegur lífeyrir í sama hlutfalli og skerðingunni nemur.

Skerðist vinnufærni váttryggðs um minna en helming greiðast engar bætur.

Bætur greiðast eftir á fyrir einn almanaks-mánuð í senn. Brot úr mánuði reiknast hlutfallslega miðað við dagafjölda. Bætur skulu greiddar eigi síðar en á 10. degi næsta mánaðar á eftir.

23. gr. Ráðstafanir vegna heilsutjóns

Réttur váttryggðs til bóta byggist á vottorðum lækna um starfsorkuskerðingu á hverjum tíma og eftir atvikum á álitum trúnaðarlæknis félagsins.

Ber váttryggðum að leita læknis um leið og heilsutjón hefur orðið og gangast undir alla læknismeðferð sem telst nauðsynleg og hlíta í einu og öllu fyrirmælum læknis.

Félagið hefur ætíð rétt til að trúnaðarlæknir þess skoði váttryggðan og leggi mat á vinnufærni hans.

Skylt er að láta félaginu í té öll nauðsynleg læknisvottorð og önnur gögn til að staðfesta bótarétt váttryggðs.

24. gr. Breytingar á bótafjárhæðum

Fjárhæð bótagreiðslna reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var þegar váttryggingaratburður varð.

Bótafjárhæðin breytist í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs sem í gildi var á tjónsdegi og þess mánaðar sem bótagreiðsla hverju sinni tekur til.

25. gr. Lok bótagreiðslna

Bótagreiðslur falla niður þegar:

- skerðing á vinnufærni váttryggðs er minni en helmingur af algjörrri óvinnufærni, sbr. 22. gr.,
- váttryggður hafnar eða sinnir ekki nauðsynlegri læknismeðferð eða þjálfun sem ætluð er til að auka vinnufærni hans,
- váttryggður andast,
- runninn er upp sá dagur sem skráður er í váttryggingarskírteini sem lokadagur bótagreiðslna, eða
- váttryggður nýtur ekki opinbers örorkulífeyris sem samsvarar því að færni hans til að vinna fyrir sér hafi skerast a.m.k. um helming.

26. gr. Endurupptaka bótagreiðslna

Hafi bótagreiðslum til váttryggðs lokið skv. a) eða e) -lið 25. gr. en starfsorka hans skerðist á ný innan 13 vikna eftir að bótagreiðslum lauk af völdum sama váttryggingaratburðar og áður hafði leitt til bótagreiðslna, þá hefjast bótagreiðslur á ný að öðrum skilyrðum fullnægðum án frekari biðtíma.

Skilmálar nr. AP115.

Gilda frá og með 13.02.1998.

Samskonar skilmálum AFK1000

Til upplýsingar:

- Váttryggður getur, að loknu fyrsta ári í tryggingu, sagt tryggingunni upp skriflega mánuði fyrir gjalddaga.
- Váttryggður hefur 30 daga frest til að segja tryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði tryggingunni sagt upp ber váttryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var tryggður.
- Eftirtaldir hafa með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála, er rísa kunna af váttryggingu þessari: Tjónanefnd váttryggingarfélaganna og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir að engu leyti rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk félagsins.